

Fimmtudaginn 15. maí 1997.

Nr. 288/1996.

**Gunnar Guðmundsson**

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

gegn

**Sjóvá-Almennum tryggingum hf.**

(Ólafur Axelsson hrl.)

Vátrygging. Iðgjald.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. júlí 1996. Hann krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.715.400 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 17. október 1996 til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða „skaðabætur, miska, vexti og kostnað að mati Hæstaréttar“. Enn fremur krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur tekið við réttindum og skyldum Almennra trygginga hf. Áfrýjandi lagði fyrir Hæstarétt kvittun, sem sýnir, að Almennar tryggingar hf. greiddu 17. janúar 1985 kostnað og slysdagpeninga fyrir tímabilið 4. til 14. janúar 1985, alls að fjárhæð 13.423 krónur, vegna fingurmeiðsla, sem áfrýjandi varð fyrir 4. sama mánaðar. Einnig lagði áfrýjandi fyrir Hæstarétt kvittun þess efnis, að félagið hefði 17. janúar 1985 tekið við greiðslu iðgjalds af sjúkra- og slysatryggingu, að fjárhæð 7.700 krónur, vegna vátryggingartímabilsins frá 1. janúar til 1. júlí 1985. Kveður áfrýjandi þessi nýju gögn styðja enn frekar þá málsástæðu sína, að samkomulag hafi komist á með málsaðilum þess efnis, að „vátryggingarsamningur milli aðila stæði óhaggaður“, þrátt fyrir það að ekki væri greitt á gjalddaga.

Stefndi ber ekki brigður á þessi gögn, en heldur því fram, að nefndar greiðslur hafi verið inntar af hendi vegna mistaka.

Gögn málsins sýna, að 4. janúar 1985, er áfrýjandi meiddist í fingri, svo sem að framan greinir, var iðgjald af sjúkra- og slysa-

tryggingu hans að fullu greitt til ársloka 1984. Þá var hins vegar ógreitt iðgjald, sem féll í gjalddaga 1. janúar 1985. Ekki verður fallist á, að nefnd greiðsla váttryggingarbóta á fjórða degi eftir upphaf nýs váttryggingartímabils sýni, að stefndi hafi fallið frá rétti sínum til að bera fyrir sig gagnvart áfrýjanda ákvæði váttryggingarskilmála og 2. málslíðar 1. mgr. 14. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954 um brottfall ábyrgðar félagsins.

Með framangreindum athugasemdum og skírskotun til forsendna héraðsdóms verður hann staðfestur. Eins og atvikum er háttað, þykir rétt, að aðilar beri hvor sinn málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. apríl 1996.**

Mál þetta var dómtekið mánudaginn 29. apríl 1996 að loknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi málsins er Gunnar Guðmundsson, kt. 120258-2179, Dvergabakka 22, Reykjavík.

Stefndi er Sjóvá-Almennar tryggingar hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

#### *Dómkröfur stefnanda.*

Aðalkrafa stefnanda er sú, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 1.844.500 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 um vexti frá 13. ágúst 1987 til greiðsludags. Varakrafa stefnanda er sú, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 1.844.500 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 um vexti frá 5. september 1991 til greiðsludags. Prautavarakrafa stefnanda er sú, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur, miska, vexti og kostnað að mati réttarins.

Í öllum tilvikum gerir stefnandi þá kröfu, að stefndi greiði málskostnað að mati réttarins. Þá er krafist vaxta á tildæmdan málskostnað skv. III. kafla vaxtalaga auk virðisaukaskatts, 24,5%, samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

#### *Dómkröfur stefnda.*

Aðalkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði jafnframt gert að greiða stefnda máls-

kostnað að skaðlausu. Varakröfur stefnda eru þær, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

*Málavextir.*

Stefnandi, sem er múrari að atvinnu, lenti í slysi við störf við Kópavogskirkju 13. ágúst 1987. Var hann við störf á þaki kirkjunnar og skrikaði fótur með þeim afleiðingum, að hann rann og féll niður um þriggja metra fall, en kom niður á fætur. Fann hann strax fyrir miklum verkjum frá hælum og mjóbaki. Var hann fluttur með sjúkrabíl á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík og var skoðaður, en við röntgenmyndatöku kom fram örlítill fleygmyndun á I. liðbol lendahryggjar svo og sprunga í vinstra hælbeini. Var stefnandi settur í gifs vegna hælbeinsbrotsins og útskrifaður með verkjalyf og á hækjum, en var síðan áfram til eftirlits á slysadeild Borgarspítalans. Stefnandi var um alllangan tíma eftir slysið frá vinnu og gekk til læknis og hlaut meðferð.

Stefnandi leitaði til Almennra trygginga hf. um greiðslu skaðabóta, en hann hafði keypt sjúkra- og slysatryggingu og líftryggingu hjá því félagi. Af hálfu Almennra trygginga hf. var því haldið fram, að kanna þyrfti málið frekar og óvíst um, hvort stefnandi fengi bætur hjá félaginu, þar eð iðgjald væri í vanskilum. Stefnandi keypti tryggingarnar hjá félaginu frá 1984, og var greiðslum iðgjalda háttáð þannig, að félagið hafði fengið innborganir inn á trygginguna eða stefnandi samið um greiðslu iðgjalda í formi víxla. Með bréfi, dagsettu 30. júlí 1987, sendi félagið stefnanda svohljóðandi reikningsyfirlit:

„Reykjavík, 30. júlí 1987.

Meðfylgjandi reikningsyfirlit sýnir iðgjaldaskuld yðar við félagið.

Vinsamlegast greiðið eða semjið um skuldina án frekari tafa, svo að komist verði hjá frekari innheimtuaðgerðum.

Með kveðju,  
Almennar tryggingar hf.,  
Ólöf Stefánsdóttir.“

Framangreindu bréfi fylgdi yfirlit yfir iðgjaldaskuld, að fjárhæð 33.113 kr., þ. e. iðgjöld 30.862 kr. og vextir 2.251 kr. Um var að ræða eftirstöðvaskuld vegna líftryggingar og sjúkra- og slysatryggingar. Stefnandi greiddi af sjúkra- og slysatryggingu og líftryggingu fyrir tímabilið 1. júlí 1985 – 1. janúar 1986, 1. janúar 1986 – 30. júní 1986, 1. júlí 1986 – 31. desember 1986 og 16. apríl 1986 – 16. október 1986. Á yfirliti Almennra trygginga hf. yfir við-

skiptastöðu, dagsettu 3. maí 1988, kemur fram, að félagið hafði fellt niður sjúkra- og slysatryggingu frá 1. júlí 1987 til áramóta 1987/1988 28. október 1987.

Stefnandi varð fyrir tveimur umferðarslysum, hinu fyrra 6. október 1990 og hinu síðara 22. október sama ár, og hlaut alvarlegt líkamstjón 6. október við keppni í torfæruakstri, en 22. október sama ár var ekið aftan á bifreið hans með þeim afleiðingum, að hann hlaut alvarlegan hálsáverka. Á þeim tíma höfðu Sjóvátryggingafélag Íslands hf. og Almennar tryggingar hf. sameinast í Sjóvá-Almennar tryggingar hf., og var uppgjóri vegna umferðarslyssanna lokið 1994. Ágreiningur var hins vegar enn uppi um bótaskyldu félagsins vegna tjóns stefnanda vegna vinnuslyssins árið 1987.

Leifur Jónsson læknir gaf 2. apríl 1991 út læknisvottorð um meðferð stefnanda á Borgarspítala. Fór stefnandi í sjúkrahjálfun til þess að reyna að fá bót meina sinna samkvæmt gögnum málsins. Sigurjón Sigurðsson, sérfræðingur í bæklunarlækningum, gerði 25. október 1994 örorkumat um stefnanda um tjónið, sem hann varð fyrir 13. ágúst 1987. Var niðurstaða læknisins sú, að tímabundin og varanleg örorka, sem stefnandi hlaut af völdum þessa slyss, væri í 9 mánuði 100%, en varanleg örorka 5%. Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur reiknaði síðan út tjón stefnanda á grundvelli örorkumatsgerðar áður nefnds Sigurjóns, og var niðurstaða hans sú, að höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps stefnanda væri á slysdegi eftirfarandi: vegna tímabundinnar örorku 661.500 kr., vegna varanlegrar örorku 927.400 kr., samtals 1.588.900 kr. Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins var áætlað 6% af höfuðstólsverðmæti taps af varanlegri örorku, 55.600 kr. Heildarniðurstaða var samkvæmt þessu 1.644.500 kr.

#### *Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefnda á því, að hann hafi verið tryggður sjúkra- og slysatryggingu, þegar tjónið varð 13. ágúst 1987. Málsatvik séu óumdeild. Stefnandi kveðst hafa keypt sjúkra- og slysatryggingu hjá Almennum tryggingum hf. og haft slíka tryggingu ásamt líftryggingu hjá félaginu frá 1984 og hún verið í fullu gildi, þá er slysið varð, þótt um iðgjaldaskuld hafi verið að ræða. Það hafi verið tíðkanleg viðskipti milli stefnanda og félagsins, að greiðsla iðgjalda færi fram eftir samkomulagi, þ. e. ekki við upphaf tryggingartímabils, heldur ávallt síðar, og hafi félagið látið það algjörlega átölulaust, þótt greiðsla iðgjalda drægist. Bent er á, að upphaf þess tryggingartímabils, sem um ræði, hafi verið 1. júlí 1987, og því ljóst, að ekki hafi verið langt um liðið, frá því að tryggingartímabil hófst og innheimta mátti iðgjald, þar til sjálft tjónið varð. Stefnandi bendir sérstaklega á, að stefndi hafi ekki mótmælt því, að vátryggingarsamningur hefði komist á, og af bókum félagsins sé upplýst, að samningurinn hafi verið í fullu gildi, en

með yfirliti 3. maí 1988 hafi verið upplýst, að 28. október hefði tryggingin verið felld niður af hálfu félagsins. Stefnandi heldur því fram, að félagið hefði þurft að tilkynna stefnanda með afdráttarlausum hætti, að tryggingin væri fallin úr gildi, en svo hafi ekki verið gert. Því sé ljóst, að félagið hafi lit-  
ið svo á, að tryggingin, váttryggingarsamningur aðila máls þessa, væri í fullu gildi og ekki staðið til að fella hann úr gildi.

Stefnandi kveður stefnda engin skrifleg svör hafa gefið þrátt fyrir óskir þar um, og hafi hann endursent gögn, sem beint hafi verið að félaginu, og synjað um greiðslu lækisfræðilegra gagna. Stefnandi kveðst því ekki eiga aðra kosti en fá úr því skorið fyrir dómi, hvort sér beri greiðsla skaðabóta, miska og kostnaðar úr hendi félagsins á grundvelli umræddrar tryggingar, og því sé mál þetta höfðað.

Stefnandi kveðst reisa dómkröfur sínar á fram lögðum gögnum, þ. e. örorkumati og örorkutjónsútreikningi, auk kröfu um miskabætur.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

#### Höfuðstóll:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	661.500
Vegna varanlegrar örorku	–	927.400
Vegna tapaðra lífeyrisréttinda	–	55.600
Miskabætur	–	200.000
		<hr/>
Samtals	kr.	1.844.500

Stefnandi krefst dráttarvaxta frá slysdegi til greiðsludags ásamt greiðslu málskostnaðar og alls útlagðs kostnaðar.

Stefnandi kveðst reisa varakröfur sínar á sömu forsendum og aðalkröfu um tímabundna og varanlega örorku og miskabætur, en vaxtakrafan sé höfð uppi miðað við 1. september 1991, og sé krafist dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Varðandi þrautavarakröfu kveðst stefnandi leggja dómkröfur í mat réttarins, en ljóst sé, að langt sé liðið, frá því að tjónsatburður varð, en stefnandi eigi ekki að gjalda fyrir neikvæða afstöðu stefnda, enda hafi stefnandi margsinnis leitað samkomulags við félagið um niðurstöðu, en án árangurs.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á almennum reglum skaðabótaréttar og lögum um váttryggingarsamninga nr. 20/1954. Krafan um miskabætur sé reist á 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og dómvænju, en krafa um málskostnað á 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og krafa um virðisaukaskatt á málskostnað á lögum nr. 50/1988. Vaxtakröfu styður stefnandi III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

*Málsástæður og lagarök stefnda.*

Af hálfu stefnda eru gerðar athugasemdir við kröfugerð stefnanda að því leyti, að stefnandi reisi kröfur sínar á samningssambandi milli málsaðila, sem grundvallað sé á sjúkra- og slysatryggingu, er stefnandi tók hjá stefnda, en fjárkraftan sé hins vegar ekki í samræmi við þetta. Kröfugerðin taki mið af því, að um sé að ræða skaðabótamál. Slíku sé alls ekki fyrir að fara í þessu máli, og því sé málið vanreifað að þessu leyti af hálfu stefnanda. Í umræddri váttryggingu komi skýrlega fram, hvernig haga skuli útreikningi, komi til tjóns samkvæmt gildri tryggingu.

Stefndi byggir aðalkröfu sína um sýknu á því, að réttur stefnanda samkvæmt umræddri sjúkra- og slysatryggingu hafi verið fallinn niður vegna vanskila á greiðslu iðgjalda af hálfu stefnanda, þegar tjónsatburðurinn varð 13. ágúst 1987, en samkvæmt gögnum málsins hafi stefnandi verið í vanskilum með greiðslu iðgjalda umræddrar tryggingar. Samkvæmt 1. tölulið váttryggingarskilmála sjúkra- og slysatryggingarinnar gildi ábyrgð félagsins ekki, meðan vanskil séu. Vísar stefndi einnig til 13. og 14. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga.

Stefndi heldur því einnig fram, að kröfur stefnanda séu allar fyrndar eða að hluta til fyrndar, og vísar til 29. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga, hvað það varðar.

Stefndi styður varakröfu sína því, að stefnandi eigi ekki frekari kröfur en skilmálar váttryggingar geri ráð fyrir.

*Niðurstöður.*

Enginn ágreiningur er með aðilum máls þessa um málavexti og örorkumat. Þá er óumdeilt, að stefnandi og Almennar tryggingar hf., forveri Sjóvár-Almennra trygginga hf., gerðu með sér váttryggingarsamning árið 1984, og einnig, að iðgjöld vegna ársins 1987 hafa ekki verið greidd. Hins vegar greinir aðila á um, hvort samið hafi verið um annan gjalddaga en greinir í váttryggingarsamningnum, og af þeim sökum, hvort ábyrgð stefnda hafi verið í gildi, þegar tjónsatburðurinn varð.

Af hálfu stefnanda er því fram haldið, að stefnandi hafi haft ástæðu til að ætla, að samkomulag hefði komist á um eftirágreiðslu iðgjalda ársins 1987, eins og verið hefði árið 1986. Fyrir dómi bar stefnandi, að venjan í viðskiptum aðila væri sú, að stefnandi greiddi váttryggingariðgjöld eftir gjalddaga þeirra. Af hans hálfu hefði staðið til, að hann greiddi iðgjaldaskuld sína, þegar hann fengi næst greitt vegna vinnunnar við Kópavogskirkju. Af hálfu stefnda hefur því verið neitað, að samið hafi verið um breytingu á gjalddaga iðgjaldanna. Stefnandi ber sönnunarbyrði fyrir þeirri fullyrðingu, en þykir ekki hafa tekist að sanna hana. Af fram lögðu reikningsyfirliti og

gíróseðli vegna iðgjalda fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember 1987 kemur fram, að gjalddagi er 1. júlí 1987, en eindagi 10. ágúst. Gegn neitun stefnda verður ekki litið svo á, að aðilar hafi samið um annan gjalddaga, þótt stefnandi hafi áður greitt iðgjöld eftir á.

Í 1. gr. fram lagðs sammings aðila um sjúkra- og slysatryggingu segir, að verði fyrsta iðgjald eigi greitt, þegar þess sé krafist, en þá kröfu megi í fyrsta lagi gera á gjalddaga, sé ábyrgð félagsins lokið. Síðan segir, að sama gildi, séu síðari iðgjöld eigi greidd innan viku, frá því að þeirra sé krafist, en þeirra megi í fyrsta lagi krefjast viku fyrir gjalddaga. Þetta ákvæði er samhljóða ákvæðum 14. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga. Á fram lögðum gíróseðli til innheimtu iðgjalda fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember 1987 er tekið fram, að vanskil á greiðslu iðgjalds geti valdið því, að réttur til bóta falli niður, en gjalddagi er, eins og áður greinir, tilgreindur 1. júlí 1987. Með þessari áletrun er vísað til ákvæða sammings aðila um hugsanlegt brottfall ábyrgðar stefnda. Á gíróseðlinum er einnig að finna áletrunina: „Vinsamlega greiðið eldri iðgjaldaskuld“. Í bréfi, dagsettu 30. júlí 1987, er stefnandi hvattur til að greiða eða semja um iðgjaldaskuld sína, og fylgdi með því reikningsyfirlit, sem sýnir, að iðgjöld alls ársins 1987 eru í vanskilum. Verður að telja, að stefnanda hafi með þessu verið gerð nægjanleg grein fyrir vanskilunum, enda ekkert fram komið um, að honum hafi ekki borist innheimtubréf og gíróseðill. Samkvæmt framangreindu lagaákvæði og váttryggingarsamningi var ábyrgð stefnda því lokið, er tjónsatburður varð. Samkvæmt framburði stefnanda fyrir dóminum bauð hann ekki fram greiðslu fyrr en síðar um haustið, í september-október 1987, en kveðst þá ekki hafa fengið að greiða, þar eð búið var að taka hann út af tryggingu. Samkvæmt gögnum málsins var trygging felld niður 28. október 1987.

Þegar þetta er virt ásamt því, sem að framan er rakið, verður að fallast á það með stefnda, að réttur stefnanda samkvæmt framangreindri sjúkra- og slysatryggingu teljist hafa verið fallinn niður, þegar tjónsatburðurinn varð 13. ágúst 1987. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Gunnars Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.